

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið  
bt. Jóhanns Guðmundssonar  
Skúlagötu 4  
150 Reykjavík



15. janúar 2020

## Umsögn um drög að reglugerð um fiskeldi

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) hafa tekið til umsagnar drög að reglugerð um fiskeldi, sem birt var í samráðsgátt stjórnvalda 18. desember sl.

Með fyrirliggjandi reglugerð hyggjast stjórnvöld nú móta ramma um ýmis starfsskilyrði fiskeldis þannig að þau séu fastmótuð, til langs tíma og tryggji fjárfestum, fyrirtækjum og starfmönnum þeirra örugg, góð og samkeppnishæf rekstrarskilyrði. Eins og samtökin hafa áður bent á er mikilvægt að gætt sé að umhverfishagsmunum og að fiskeldi byggist upp á sjálfbæran hátt, án þess að óraunhæfar kröfur í stjórnvaldsfyrirmælum takmarki um of vaxtarmöguleika greinarinnar.

Samtökin undirstrika mikilvægi fiskeldis og að uppbygging þess verði í sem mestri sátt við umhverfið. Miklar framfarir hafa orðið á fiskeldisbúnaði á umliðnum árum og má gera ráð fyrir að sú tækniþróun muni halda áfram næstu árin. Viða um heim hefur verið byggt upp umfangsmikið fiskeldi og sú þekking og reynsla hefur dregið umtalsvert úr þeirri áhættu sem starfseminni fylgir, bæði fyrir lífríki og umhverfi.

Í reglugerð þessari eru lagðar línur um umgjörð fiskeldis, auk þess að frekari kröfur eru gerðar til eftirlits. Í því samhengi hafa stofnanir, s.s. Matvælastofnun og Skipulagsstofnun, veigamiklu hlutverki að gegna sem þjónustu-, upplýsinga- og eftirlitsstofnanir. Í framhaldinu er því einkar mikilvægt að þeim verði gert kleift að sinna skyldum sínum er varðar regluverk í fiskeldi.

Að þessu sögðu gera samtökin nokkrar athugasemdir við fyrirliggjandi reglugerðardrög:

### a) 3. gr. skilgreiningar

Að mati samtakanna þjónar það ekki tilgangi að skilgreina eftirfarandi hugtök í reglugerð; *fiskrækt*, *fiskræktarslepping*, *fiskstofn*, *göngusilungur*, *klakfiskur*, *kvíaþyrping*, *kynbætur* og *vatnasilungur*. Öll þessi hugtök koma ekki fram á öðrum stöðum í drögunum og því skilgreiningar óþarfar. Þá leggja samtökin til að orðið „eldissvæði“ komi í stað orðsins „eldiseining“ í skilgreiningu á hugtakinu „*hvíldartími*“, enda er hugtakið eldissvæði skilgreint í lögum og reglugerð en ekki eldiseining.

b) 6. gr. *Skipting hafsvæða í eldissvæði*

Að mati samtakanna er þörf á að skýra með nánari hætti hvernig Hafrannsóknastofnun skuli skipta fjörðum eða hafsvæðum í eldissvæði. Í lögum um fiskeldi nr. 71/2008 og í reglugerðardrögunum kemur fram að þetta skuli vera gert á grundvelli „...burðarþols og bestu heildarnýtingar mögulegra eldissvæða.“ Að mati samtakanna verður að skýra með nánari hætti í reglugerð hvað besta heildarnýting eldissvæða þýðir. Hér verður að setja fram hlutlæga mælikvarða. Samtökin hafa gert athugasemd við þetta á fyrri stigum, sbr. umsögn samtakanna um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi dagsett 1. apríl 2019.

Í lok málgreinarinnar er vísað til 6. mgr. 16. gr. en líklegast er um misritun að ræða og tilvísunin eigi að vera til 5. mgr. 18. gr.

Í 6. gr. er jafnframt kveðið á um að svæðaskiptingin skuli taka tillit til þeirrar starfsemi sem fyrir er en að öðru leyti er ekki ljóst hvernig eldri leyfi og ný svæðaskipting Hafrannsóknastofnunar spili saman. Í drögunum er jafnframt bráðabirgðaákvæði II sem tiltekur að „Matvælastofnun skuli uppfæra þau rekstrarleyfi sem þegar eru í gildi til samræmis við svæðaskiptingu Hafrannsóknastofnunar.“ Hér er mjög mikilvægt að tekið sé tillit til þeirrar eldisstarfsemi sem fyrir er og að fjarlægðamörk milli aðila séu virt.

c) 14. gr. *Umsókn um endurnýjun*

Í 2. mgr. 14. gr. kemur fram að umsækjandi skuli „...leggja fram öll þau gögn sem Matvælastofnun telur nauðsynleg.“ Að mati samtakanna er um víðtæka gagnaöflun að ræða og óljósar skyldur eru settar á leyfishafa. Hér færi mun betur á því að skilgreina með nánari hætti hvaða gögn skuli lögð fram. Að mati samtakanna væri eðlilegra að miða gagnaöflun við 12. gr. reglugerðarinnar.

Þá vakna spurningar hvort það sé lagastoð fyrir jafn víðtækari upplýsingaöflun. Sé um endurúthlutun að ræða skal Matvælastofnun endurmeta hvort umsækjandi uppfyllir kröfur, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008. Þar segir að umsækjandi skuli „...uppfylla kröfur sem gerðar eru um heilbrigði lagareldisdýra og afurða þeirra, um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum og um velferð lagareldisdýra.“ Engin frekari gagnaöflun er áskilin í lögum og er því nokkuð framsækið að Matvælastofnun geti óskað eftir öllum gögnum sem hún telur nauðsynleg. Hér færi betur á því að telja, með tæmandi hætti, hvaða gagna er hægt að krefjast.

Í þessu samhengi má einnig nefna að í 8. mgr. 18. gr. reglugerðarinnar kemur fram að Matvælastofnun geti lagt fyrir umsækjanda að láta í té „...frekari upplýsingar áður en rekstrarleyfi er veitt“. Þá kemur fram í 26. gr. reglugerðarinnar að reksrakreyfishafi skuli afhenda Matvælastofnun „...öll gögn og upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að endurskoða skilyrði rekstrarleyfis.“ Hér um víðtæka gagnaöflun að ræða og færi betur á því að skilgreina með nánari hætti hvaða gögn skuli lögð fram.



Pá leggja samtökin til að eftirfarandi málsgrein bætist við 14. gr.: „*Matvælastofnun er heimilt að gefa út rekstrarleyfi til skemmri tíma en 16 ára í ef um er að ræða landeldi og fyrir liggur samþykki umsækjanda.*” Samkvæmt 10. gr. laga nr. 71/2008, um fiskeldi skal Matvælastofnun gefa út rekstrarleyfi til 16. ára ef umsókn um rekstrarleyfi fullnægi skilyrðum laga. Nauðsynlegt er gera ráð fyrir þeim möguleika í samráði við umsækjanda að leyfið verði gefið út til skemmri tíma en 16 ára. Þannig geta aðstæður umsækjanda verið þannig að hann telji ekki henta eða skilyrði ekki fyrir hendi fyrir 16 ára gildistíma. Hér er verið að vísa til aðstæðna er varða landeldi.

*d) 18. gr. Málsmeðferð umsóknar*

Í 18. gr. reglugerðardraganna segir að „*Matvælastofnun skal tryggja að lágmarksfjarlægð á milli fiskeldisstöðva ótengdra aðila í sjókvíaeldi samkvæmt meginviðmiði sé eigi styttri en 5 km miðað við útmörk hvernar fiskeldisstöðvar. Matvælastofnun getur þó að höfðu samráði við Hafrannsóknastofnun heimilað styttri fjarlægðir milli fiskeldisstöðva ótengdra aðila.*“ Að mati samtakanna er mikilvægt að Matvælastofnun geti ekki heimilað styttri fjarlægðir milli fiskeldisstöðva nema að höfðu samráði við viðkomandi eldisfyrirtæki og að tryggt sé að við slíka ákvörðun sé ekki vikið frá ýtrustu kröfum um sjúkdómavarnir.

Í 6. mgr. 18. gr. er fjallað um málsmeðferð umsókna. Þar segir að MAST skuli leita til tiltekinna stofnana og „*...annarra haldbærra yfirvalda*”. Gera má ráð fyrir að hér sé átt við þar til bærra yfirvalda, en betur færi á því að tiltaka þau, hugsanlega með tæmandi hætti.

Í 8. mgr. 18. gr. er vísað til 10. gr., hér vantar tilvísun til laga eða reglugerðar.

*e) 20. gr. Efni rekstrarleyfis*

Í ákvæðinu kemur fram að í „*...þeim tilvikum þar sem ekki er mögulegt að mæla nákvæmlega lífmassa má með heimild Matvælastofnunar styðjast við reiknilíkan við mat á lífmassa þannig að sem nákvæmust niðurstaða fáist.*” Að mati samtaka skal tilgreina í ákvæðinu að reiknilíkanið sé viðurkennt í eldisstarfsemi.

*f) 26. gr. Endurskoðun rekstrarleyfis*

Samkvæmt 26. gr. reglugerðarinnar skal Matvælastofnun endurskoða rekstrarleyfi a.m.k. einu sinni á gildistíma þess og ef upp koma ástæður sem krefjast endurskoðunar. Að mati samtakanna er óljóst hvaða þýðingu umrætt ákvæði hefur. Hér má velja því fyrir sér hvaða ástæður kunni að leiða til endurskoðunar og að mati samtakanna verður ákvæðið að vera skýrara og styðjast verður við hlutlæga mælikvarða.

*g) 37. gr. Hlífar fyrir skrófu*

Í ákvæðinu kemur fram að rekstrarleyfishafi skuli tryggja að allir bátar sem notaðir eru við sjókvíaeldisstöðvar séu með hlíf fyrir skrófu. Að mati samtakanna er æskilegt að

ákvæðið nái ekki til báta með utanborðsmótor. Slíkir bátar eru of litlir til að valda skaða á netapoka og því þjónar það ekki neinum tilgangi að vera með hlíf á slíkum bátum.

*h) 46. gr. Strok*

Í 46. gr. kemur fram að rekstrarleyfishafi, sem hefur ástæðu til að ætla að hann hafi misst eldisfisk úr fiskeldisstöð, skuli án tafar tilkynna það til Fiskistofu, Matvælastofnunar, sveitarfélaga og næstu veiðifélaga. Að mati samtakanna verður að gera skýrari grein fyrir því hvað „næstu veiðifélaga“ þýðir, hvort um sé að ræða veiðifélaga í sveitarfélaginu eða hvort annars konar skilgreining verði þar höfð til hliðsjónar. Þá er mikilvægt að hér sé gerður greinarmunur á tilkynningu um gat á nót annars vegar og slysasleppingu hins vegar. Með slíku fyrirkomulagi má betur tryggja að unnt sé að fá heildarmynd af óhöppum.

Samkvæmt 13. grein laga um fiskeldi hefur Fiskistofa heimild til þess að leita að og fjarlægja eldisfiska úr nálægum ám við eldissvæði, að fenginni heimild veiðifélags. Samkvæmt lögnum skal þetta útfært betur í reglugerð en í reglugerðinni er ekki að finna nánari útfærslu á þessari mikilvægu mótvægisáðgerð.

*i) 47. gr. Útsetning og hvíld sjókvíaeldissvæða*

Ákvæðið er sambærilegt og í núverandi reglugerð. Hér er ástæða til að tilgreina með skýrum hætti hvaða þáttum sjúkdómavarna Matvælastofnun ber samkvæmt lögum að hafa eftirlit með og geti grundvallað heimild á til lengri hvíldartíma. Mikilvægt að allri óvissu um þetta ákvæði sé eytt þannig það sé skýrt í hvaða tilvikum Matvælastofnun geti lengt hvíldartímann. Það tryggir einnig samræmi í framkvæmd stofnunarinnar frá einu eldissvæði til annars.

*j) 51. gr. Þjálfun starfsmanna sjókvíaeldisstöðva og landeldisstöðva þar sem heildarlífmassi er yfir 20 tonnum.*

Í 51. gr. reglugerðardraganna kemur fram að rekstrarleyfishafi skuli „...*tryggja að áður en starfsmenn hefja störf í fiskeldisstöð fái þeir þjálfun í að hindra strok og öðlist þekkingu og færni til að grípa strax til viðeigandi ráðstafana ef strok eiga sér stað og hvaða reglur gilda um veiðar á eldisfiski sem sleppur úr eldisstöð og hvernig framkvæma skal veiðar á þeim.*“ Þetta ákvæði gildir fyrir sjókvíaeldisstöðvar og landeldisstöðvar þar sem heildarlífmassi er yfir 20 tonnum. Að mati samtakanna á umrætt ákvæði að ná til allra þeirra sem framleiða frjóan lax. Engin ástæða til að gefa afslátt af reglum og reglugerðum um upplýsingaflæði og gæðakerfi er varðar frjóan lax.

*k) 55. gr. Framkvæmd eftirlits*

Í 2. mgr. kemur fram að rekstrarleyfishafa ber að afhenda „...*sýni sem talin eru nauðsynleg vegna eftirlits*“. Hér er æskilegt að tilgreina hvaða sýni séu nauðsynleg til eftirlits.

*l) Viðauki V og VI*

Þá telja samtökin ekki æskilegt að viðauki V og VI sé í reglugerð sem þessari og óþarfi að hafa jafn ítarlegar leiðbeiningar innan reglugerðar. Ástæða þess er sú að stöðugar tækniframfarir eiga sér stað, ásamt almennri þróun og breytingum, og því væri betra að leiðbeiningar væru einungis að finna hjá Matvælastofnun, sem er vel í stakk búin til að meta hvað á heima í leiðbeiningum hverju sinni. Leiðbeiningarnar myndu þannig þjóna betur tilgangi sínum sem lifandi plagg í stað þess að vera vera stjórnvaldsfyrirmæli í reglugerð.

\* \* \*


Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi ítreka mikilvægi þess að skýr lagaumgjörð sé til staðar um fiskeldi hér á landi. Þegar litið er heildstætt á reglugerðardrögin er margt gott og jákvætt þar að finna, sem gerir það að verkum að fiskeldi geti haldið áfram að byggjast upp á sjálfbæran hátt og að slík uppbygging verði í sem mestri sátt við umhverfið.

SFS eru reiðubúin til veita frekari upplýsingar og skýringar vegna umsagnar þessarar og eru fulltrúar samtakanna reiðubúnir að koma á fund ráðuneytisins til að fylgja eftir þessari umsögn.

Að öðru leyti áskilja samtökin sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

f.h. SFS

  
Heiðrún Lind Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri

